

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Ammann 2 Færanleg malbikunarstöð



| | | | |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 20.8.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Colas Ísland ehf. Ammann 2 | Eftirlitsmaður | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili | Gullhella 1 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4604820979 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Björk Úlfarsdóttir | ÍSAT nr. | 23.99.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik fannst í eftirliti. Magn kolmónoxíðs í útblæstri var yfir starfsleyfismörkum og er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Farið var í úrbætur og skipt var um brennara og á það að lækka magn kolmónoxíðs í útblæstri. Ný mæling verður gerð núna á meðan stöðin er á Bolungarvík. Samkvæmt kröfum í starfsleyfi skal skila niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá því að mælingarnar fara fram. Frávikð er opið þar til sýnt hefur verið fram á að útblástur stöðvarinnar uppfylli kröfur í starfsleyfi.

Bent var á að bæta skráningar á eftirlit og viðhaldi á mengunarvarnarbúnaði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. – Ammann2. Stöðin er staðsett í Bolungarvík. Fundur í Umhverfismálaráði Bolungarvíkurbæjar veittu stöðinni fjögurra vikna stöðuleyfi á fundi sínum þann 15. ágúst sl.

Starfsleyfið er frá desember 2020 og gildir til 2036. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Viðstöð eftirlitið voru Björk Úlfarsdóttir frá Colas Ísland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfis (pokasíur) í útblæstri.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Stöðin hefur ekki verið í verkefnum í sumar. Var flutt á Bolungarvík nýlega og framleiðsla þar varla hafin. Þrjú starfsmenn verktaka reka stöðina og voru þeir nýbúnir að setja hana upp og prófa þegar eftirlitið fór fram. Beðið var eftir að aðrir starfsmenn staðsettir á Akureyri kæmu með flutningstæki og útlagningarvélur til þess að hægt væri að hefja vinnslu í stöðinni.

Í útblástursmælingum síðasta árs (21. september 2023) voru öll gildi í sátt við losunarmörk í starfsleyfi nema magn kolmónoxíðs sem mældist yfir losunarmörkum. Magn kolmónoxíðs í útblæstri er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Farið var í úrbætur og skipt var um brennara og á það að lækka magn kolmónoxíðs í útblæstri. Ný mæling verður gerð núna á meðan stöðin er á Bolungarvík. Samkvæmt kröfum í starfsleyfi skal skila niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá því að mælingarnar fara fram. Frávikð er opið þar til sýnt hefur verið fram á að útblástur stöðvarinnar uppfylli kröfur í starfsleyfi.

Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd við að afsog af malbiksblendara virtist ekki í lagi. Samkvæmt rekstraraðila hefur búnaðurinn verið yfirfarinn og afsog bætt. Ekki var hægt að sannreyna það í eftirlitinu þar sem stöðin var ekki í gangi þegar komið var í eftirlit. Þetta verður skoðað í næsta eftirliti.

2. Í starfsleyfi stöðvarinnar krafa um fjórar skriflegar áætlanir:

- áætlun yfir ráðstafanir sem gera fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar,
- áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði,
- áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar, og

d. eftirlitsaðili getur farið fram á að rekstraraðili sé með viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, aðlagða að hverri staðsetning.

Í eftirlitinu voru áætlanirnar skoðaðar. Þær eru allar nýlegar og ekki eru gerðar athugasemdir við þær.

Samkvæmt gr. 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit hvers árs og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit ársins 2023 hefur borist.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er malbikunarstöðvum með færanlega staðsetningu ekki gert að færa grænt bókhald.

Hávaðamæling var gerð á stöðinni í Bolungarvík þann 20. ágúst sl. Skýrsla um niðurstöður mælinganna eiga að berast fljótlega.

Vel er gengið um úrgangsefni og þau flokkuð.

Enn er bent á að vanda skráningar á viðhaldi og bilunum í hreinsikerfum stöðvarinnar.

3. Umhverfisstofnun ákvarðar tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Þar sem matið byggir á samanburði á malbikunarstöðvum landsins þá liggur tíðni eftirlita í Ammann2-stöðinni ekki fyrir en í lok árs.

4. Olúgeymar stöðvarinnar eru á skrá hjá eftirlitsaðila og ekki er fyrirhugað að skipta út bik- eða hráolíugeymum. Bikgeymir stöðvarinnar rúmar 22 m³ og díselgeymir rúmar 13 m³

Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar vegna bráðamengunar liggur fyrir.

Síðasta endurvottun á umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er dagsett 25. apríl 2023 og gildir fram á haustmánuði 2025.

5. Gengið var um starfssvæði rekstraraðila. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni. Engar kvartanir hafa borist og engin mengunaróhöpp orðið.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 3.5 í starfsleyfi

Magn kolmónoxíðs í útblæstri er yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi, þ.e. yfir 500 mg/Nm³

ÁBENDINGAR

Bent var á að bæta þarf skráningar á eftirlit og viðhaldi á mengunarvarnarbúnaði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.09.2024



Gottskálk Friðgeirsson

